

Fuglar

Fuglar eru tvífætt hryggdýr með heitt blóð. Þeir verpa eggjum, hafa tannlausan gogg og framlimi sem hafa þróast í vængi. Einkennandi fyrir fugla eru einnig fjaðrir, hröð efnaskipti og létt og sterk beinagrind. Fjaðrir gegna meðal annars mikilvægu hlutverki við flug, hitastjórnun, felulit og samskipti (Cornell Lab of Ornithology, e.d.-a; Natural History Museum, e.d.-a).

Fuglar lifa um allan heim og eru mjög fjölbreyttur hópur. Stærð þeirra er allt frá örmsmáum kólibrífluglum til stórra fugla á borð við strúta og emúa. Um 11.000 fugla- tegundir eru nú þekktar og fjölmargar útdauðar tegundir hafa einnig verið skráðar (BirdLife International, 2022). Spörfuglar eru stærsti hópur núlifandi fugla og eru um helmingur allra fuglategunda.

Vængir fugla eru mjög ólíkir eftir tegundum og hafa þróast fyrir mismunandi hlutverk. Þótt flestir fuglar geti flogið eru einnig til fluglausar tegundir, til dæmis strútar, mörgæsir og kívífuglar. Fluglausir fuglar hafa þó vængi, en þeir hafa þróast þannig að þeir henta ekki lengur til flugs (Cornell Lab of Ornithology, 2024). Í stað þess að segja að sumar tegundir hafi „misst vængina“ er því réttara að segja að þær hafi misst hæfileikann til að fljúga.

Sumar tegundir fugla, svo sem sjófuglar og vatnafuglar, hafa þróað sérstaka eiginleika sem gera þeim kleift að synda og kafa. Fuglar eru einnig mjög ólíkir hvað varðar fæðu. Sumar tegundir nærast meðal annars á blómasafa, öðrum plöntum, fræjum og skor- dýrum, en aðrar lifa á fiski, hræjum eða öðrum fuglum (Cornell Lab of Ornithology, e.d.-b).

Flestir fuglar eru virkastir að degi til en sumar tegundir eru virkastar að nóttu eða í rökkri. Margar tegundir eru farfuglar og ferðast langar leiðir milli ólíkra heimkynna eftir árstíðum. Aðrar tegundir halda sig að mestu á sama svæði eða eyða stórum hluta ævinnar á hafi úti. Sumar tegundir geta einnig verið á flugi í mjög langan tíma og hafa jafnvel getu til að sofa á meðan þær fljúga.

Fuglar eru afkomendur risaeðla og teljast því tæknilega séð til risaeðlanna. Þeir þróuðust úr litlum, kjötætandi risaeðlum af hópi þerópóða. Nánustu núlifandi ættingjar fugla meðal annarra núlifandi dýrahópa eru krókódílar (Natural History Museum, e.d.-b).

Margar tegundir fugla eru félagsdýr og geta miðlað upplýsingum og hegðun milli kynslóða. Fuglar eiga samskipti með ýmiss konar merkjagjöf, köllum og söng. Sumar tegundir vinna saman að hreiðurgerð, útungun og uppeldi unga, en aðrar geta unnið saman við fæðuöflun eða hópast saman til að verjast rándýrum. Þörunarkerfi fugla eru einnig fjölbreytt. Margar tegundir mynda þör að minnsta kosti á mökunartímabilinu, en hjá sumum tegundum geta þör haldið saman í fleiri varptímabil eða jafnvel lengur.

Fuglar eignast afkvæmi með kynæxlun og verpa eggjum sem frjóvgast inni í líkama kvenfuglsins. Margar tegundir verpa eggjum í hreiður og annast útungun með því að liggja á eggjunum. Hjá flestum fuglategundum sinna foreldrarnir ungunum eftir að þeir klekjast út og mata þá þar til þeir verða sjálfbjarga.

Fuglar hafa lengi verið nýttir af mönnum sem fæða og hráefni. Húsfuglar og villtir fuglar gefa meðal annars af sér egg, kjöt og fiður. Sumar tegundir, til dæmis söngfuglar og páfagaukar, eru einnig vinsæl gæludýr. Gúanó, sem er úrgangur sjófugla og annarra fugla, hefur verið nýtt sem áburður. Fuglar hafa jafnframt mikilvægan sess í menningu, listum, trúarbrögðum og daglegu lífi fólks.

Fuglar standa einnig frammi fyrir ýmsum ógnum. Samkvæmt BirdLife International er nærri helmingur allra fuglategunda í hnignun og meira en ein af hverjum átta fuglategundum er í hættu á útrýmingu. Í alþjóðlegu mati frá 2022 voru 1.409 fuglategundir taldar í útrýmingarhættu.

Helstu ógnirnar tengjast meðal annars athöfnum manna, svo sem eyðingu og breytingum á búsvæðum, loftslagsbreytingum og öðrum umhverfisáhrifum (BirdLife International, 2022). Þess vegna er verndun fugla og búsvæða þeirra mikilvæg. Fuglaskoðun er jafnframt vinsæl afþreying og hluti af náttúruferðamennsku.

Heimildaskrá

BirdLife International. (2022, 27. september). *State of the world's birds 2022*. BirdLife International

Cornell Lab of Ornithology. (e.d.-a). *Everything you need to know about feathers*. Bird Academy. Cornell Lab of Ornithology – Everything You Need to Know About Feathers

Cornell Lab of Ornithology. (e.d.-b). *Handbook of bird biology* (3. útg.). Bird Academy. Handbook of Bird Biology

Cornell Lab of Ornithology. (2024). *eBird Explorers: Youth action for birds*. eBird Explorers: Youth Action for Birds

Natural History Museum. (e.d.-a). *How did birds and other dinosaurs learn to fly?* Natural History Museum – How did birds and other dinosaurs learn to fly?

Natural History Museum. (e.d.-b). *Why are birds the only surviving dinosaurs?* Natural History Museum – Why are birds the only surviving dinosaurs?